

Stuttur leiðarvísir fyrir uppsetningu



Pettinaroli

Alpha-gólfhitakerfis

6 og 10 svæða stjórnun, 230 V, 868 MHz

Öryggi: T4AH

Hægt er að nota Pettinaroli Alpha-gólfhitakerfið sem sjálfstætt gólfhitakerfi til að tryggja fullkomið hitastig. Ef nota á appið þarf að fá gateway búnað. Frekari upplýsingar er að finna á www.pettinaroli.dk.



SKANNAÐU QR-kóðana og horfðu á myndskeið fyrir hvert skref fyrir sig.

Ræsing:

Þegar stjórneiningunni er stungið í samband við rafmagn í fyrsta skipti fer hún í gegnum ræsingarferli (FirstOpen-ferli) þar sem kveikt og slökkt er á hverju ljósi fyrir sig. Þetta ferli tekur u.p.b. 10 mínútur. Hægt er að hefja kóðun herbergis-hitastilla meðan á ræsingarferlinu stendur.



Hlíf fjarlægð af stjórneiningunni:

Ýtið með skrúfjární beint (ekki á ská) inn í gatið framan á hlífinni. Eftir það er hægt að halla henni frá grunnstöðinni.




Dælan tengd:

Tengið tengivír (svartur) úr L í 1

Dæla: Fasi (brúnn) í 2

Dæla: Núll (blár) í N


Dæla: Jörð (grænn)




Fjöldi vaxloka:

Hér að neðan má hversu marga vaxloka er hægt að tengja, annars vegar fyrir 6 svæði og hins vegar 10 svæði.

6 svæða stjórneining EC-52010-06		10 svæða stjórneining EC-52010-10	
Svæði	Fjöldi vaxloka	Svæði	Fjöldi vaxloka
1	2	1	1
2	2	2	1
3	1	3	2
4	1	4	2
5	2	5	1
6	2	6	1
		7	2
		8	2
		9	1
		10	1



10 svæða stjórneining



- A. Öryggisljós kviknar: Öryggið er bilað og skipta þarf um það
 - B. Ljós [Clear]
 - C. Ljós [Pairing]
 - D. Afl-/villuljós
 - 1. Logar grænt: Stjórneining er tilbúin til notkunar.
 - 2. Logar rauðt: Villa kom upp
 - E. Dæluljós. Logar: Dælustýring virk
 - F. Ljós fyrir rými (HZ).
 - 1. Logar: Rými virkt/parað
 - 2. Blikkar: Verið er að para hitasvæðið
-

Kóðun eins herbergishitastillis í einu rými

(sjá næsta hluta fyrir nokkur rými fyrir einn herbergishitastilli)



1. (Stjórneining) Haldið [Pairing] inni þar til [Pairing] blikkar.
2. (Stjórneining) Ýtið stutt á [Pairing] til að velja rými.
3. (Stjórneining) Ýtið stutt á [Clear] til að staðfesta rými.
4. (Stjórneining) Haldið [Pairing] inni þar til ljósið blikkar hratt.
5. (Herbergishitastillir) Ýtið stutt á snúningsrofann (lok pörunar eru sýnd á skjánum).
6. (Stjórneining) Ýtið stutt á [Pairing] (lok pörunar eru sýnd á skjánum)
7. (Herbergishitastillir) Ýtið stutt á snúningsrofann.

Innkodning af én
rumtermostat til én
zone

Til að kóða fleiri herbergishitastilla í stjórneiningunni skal endurtaka skref 1-7.

Kóðun eins herbergishitastillis fyrir mörg rými



Indkodning af én
rumtermmostat til
flere zone

1. (Stjórneining) Haldið [Pairing] inni þar til [Pairing] blikkar hægt.
2. (Stjórneining) Ýtið stutt á [Pairing] til að velja rými.
Valda svæðið blikkar hratt. Ef með þarf skal ýta nokkrum sinnum til að fara á viðeigandi rými.
3. (Stjórneining) Ýtið stutt á [Clear]. Þetta staðfestir val á rými fyrir pörun.
4. (Stjórneining) Ýtið stutt á [Pairing] til að skipta yfir á næsta rými sem á að para við sama herbergishitastilli.
5. (Stjórneining) Ýtið stutt á [Clear] til að staðfesta rými. Ljósið yfir valda svæðinu logar nú stöðugt.
6. Endurtakið skref 4 og 5 þar til búið er að velja öll rýmin sem þarf að úthluta á sama herbergishitastilli og haldið síðan áfram.
7. (Stjórneining) Haldið [Pairing] inni þar til [Pairing] blikkar hratt.
8. (Herbergishitastillir) Ýtið stutt á snúningsrofann og skjáinn sýnir „PAI join“.
9. (Stjórneining) Ýtið stutt á [Pairing] til að staðfesta pörunina. Skjáinn á herbergishitastillinum sýnir „PAI done“ eftir nokkrar sekúndur.
10. (Herbergishitastillir) Ýtið stutt á snúningsrofann og skjáinn sýnir núna númerandi stofuhita.

Ef para á nokkur rými/herbergishitastilla skal endurtaka skref 1-10.

Herbergishitastilli sem þegar er paraður við rými bætt við annað rými



Tilføj en zone til en
rumtermmostat, der i
forvejen er på en

1. (Stjórneining) Haldið [Pairing] inni þar til [Pairing] blikkar hægt.
2. (Stjórneining) Ýtið stutt á [Pairing] til að velja rými.
Valda rýmið blikkar hratt.
3. (Stjórneining) Ýtið stutt á [Clear]. Þetta staðfestir val á rými fyrir pörun.
4. (Stjórneining) Haldið [Pairing] inni þar til [Pairing] blikkar hratt.
5. (Herbergishitastillir) Haldið snúningsrofanum inni þar til skjáinn sýnir „SET pair“.
6. (Herbergishitastillir) Ýtið stutt á snúningsrofann og skjáinn sýnir „PAI join“.
7. (Stjórneining) Ýtið stutt á [Pairing] til að staðfesta pörunina. Skjáinn á herbergishitastillinum sýnir núna „PAI done“.
8. (Herbergishitastillir) Ýtið stutt á snúningsrofann. Skjáinn sýnir núna númerandi stofuhita.

Kannað við hvaða rými herbergishitastillir er tengdur



1. (Herbergishitastillir) Stillið hitann á 30 gráður.
2. (Herbergishitastillir) Ýtið á stjórnrofann.
3. (Stjórneining) Nú slokknar eða kvíknar á rýminum/rýmunum sem herbergishitastillirinn er tengdur við.

Check hvilken zone/
zoner en
rumtermmostat er

Herbergishitastillir endurstíltur (AÐEINS á herbergishitastilli)



1. Haldið snúningsrofanum inni þar til skjárinn sýnir „SET pair“.
2. Snúið rofanum um 1 þrep réttsælis þar til skjárinn sýnir „RES pair“.
3. Ýtið stutt á snúningsrofann og skjárinn sýnir núna „RES no“.
4. Snúið rofanum um 1 þrep réttsælis þar til skjárinn sýnir „RES yes“.
5. Haldið snúningsrofanum inni þar til skjárinn sýnir „RES run“.
6. Pörunin milli herbergishitastillisins og rýmisins/rýmanna hefur nú verið aftengd.

Fabriksnustilling af
en rumtermostat

Herbergishitastillirinn er endurstíltur og nú er hægt að para hann við nýtt rými.
Rýmin á stjórneiningunni eru einnig aftengd.

Núllstilling alls kerfisins (AÐEINS á stjórneiningu)



1. Haldið [Pairing] og [Clear] inni þar til „Power/Error“ blikkar hægt rautt að lit. Sleppið þá hnöppnum tveimur.
2. Haldið [Pairing] og [Clear] inni aftur þar til „Power/Error“ blikkar nú hratt rautt að lit. Sleppið hnöppnum tveimur.
3. Eftir þetta eru stjórneiningin og allir tengdir herbergishitastillar endurstílt og ræsingarferlið í stjórneiningunni (FirstOpen) er keyrt aftur í gegn.

Fabriksnustilling af

Blikktíðni fyrir Alpha-stjórneininguna

Skannið þennan QR-kóða til að sjá hvað mismunandi blikktíðni á stjórneiningunni merkir.



Blinkefrekvenser